

Nordsjö Tapetlim

Veggfóðurslím

Efnislýsing

Nordsjö Tapetlim er forblandað og tilbúið lím til uppsetningar á pappírsveggfóðri, bæði sléttu og með upphleyptu mynstri. Hentar einnig á léttari vínylveggfóður með pappírskaki.



Meðhöndlun

1. Tryggið að flöturinn sé sléttur, hreinn og þurr. Hreinsið öll laus efni af veggjum. Fjarlægið efra lagið af vínylveggfóðri. Spartlið yfir fastar veggfóðursrestar og ójöfnur.
2. Hreinsið málaða fleti með Nordsjö Málartvätt til að tryggja viðloðun. Gljáandi fleti skal slípa aðeins eða grunna með Nordsjö Háftgrund. Bindið gljúpt og laust bundið undirlag með Professional Microdispers.
3. Lesið leiðbeiningar framleiðanda veggfóðursins um uppsetningu en þær geta verið svolítið mismunandi eftir efnisgerð veggfóðurs.
4. Hrærið í líminu fyrir notkun. Notið rúllu og/eða pensil og berið límið nokkuð þykkt á vegginn. Varist að lím fari á framhlið veggfóðursins. Ef það gerist má ná líminu af með rökum svampi (athugið þó að sum textílveggfóður þola ekki lím á framhliðina). Farið eftir leiðbeiningum framleiðanda veggfóðursins um framhaldið.

Heilsufars- og umhverfismál

Ávallt skal nota efnið í vel loftræstu rými. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Þrífíð verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tónum umbúðum til endurvinnslustöðva.

Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss
Bindiefni: PVA og sterkjuþeyta
Þynning: Vatn
Verkfæri: Penslar, rúllur og veggfóðursvélar
Þekja: 4-5 m²/l
Þurrefni: Um 11%
Lofthiti við notkun: Minnst 18°C
Hreinsun: Vatn
Umbúðir: 1 lítra fötur
Geymsla: Í frostfrú rými
Hreinsun á lími: Blautt lím næst af með vatni, þurr lím með rauðspritti og vatni.